

**8. fundur atvinnumálanefndar Skaftárhrepps, kjörtímabilið 2014 – 2018, haldinn þann 28. september 2016, kl. 20:00, í Skaftárstofu – skrifstofu Skaftárhrepps.**

**Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.**

Á fundinn mættu: Þorsteinn M. Kristinsson (formaður), Þuríður Benediktsdóttir (varaformaður), Auður Eyþórsdóttir (ritari), Sveinn Hreiðar Jensson og Gunnar Pétur Sigmarsson.

**Dagskrá:**

**1) Íbúalýðræði – Ferð á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga til Svíþjóðar.**

Formaður greinir frá helstu atriðum úr ferðinni og umræður um mögulegar aðferðir við þátttöku íbúa í ákvörðunartöku hjá sveitarfélögum.

**2) Fjárhagsáætlun 2017.**

Farið yfir áherslur nefndarinnar fyrir árið 2017.

Kannaður verði kostnaður á byggingu eða lagfæringu á kofanum í Leiðólfsfelli eða viðgerð á veg á milli Leiðólfsfells og Hrossatungna.

Atvinnumálanefnd telur mikilvægt að lausum störfum í Skaftárhrepp sé safnað saman á einn stað og þau auglýst, annað hvort á heimasíðu/starfatorgi eða birta reglulega heilsíðuauglýsingar í blöðum.

**3) Húsnæðismál.**

Húsnæðismál standa núverandi atvinnulífi fyrir þrifum í Skaftárhreppi.

Atvinnumálanefnd skorar á sveitarstjórn að þeir kalli saman landeigendur Kirkjubæjarklausturs, hið allra fyrsta, til að ná niðurstöðu um lóðamál á skipulögðum reitum á Kirkjubæjarklaustri. Ljóst er að skipulags- og byggingafulltrúi er ofhlaðinn verkefnum, þar sem hann sinnir tveimur sveitarfélögum. Atvinnumálanefnd óskar eftir því við sveitarstjórn, að ráðinn verði skipulags- og byggingarfulltrúi með stærra starfshlutfall fyrir Skaftárhrepp sem liður í lausn í þessum vanda.

Um leið og línur fara að skýrast með lóðamál á Kirkjubæjarklaustri hyggst atvinnumálanefnd kalla saman hagsmunaaðila í atvinnulífi Skaftárhrepps. Verði þar rætt um mögulegar húsbýgginar á Kirkjubæjarklaustri og annað þeim tengt.

**4) Fjallakofar.**

Atvinnumálanefnd hyggst skoða mögulegar úrbætur vegna bágs ástands fjallakofans í Leiðólfsfelli og vegtengingar þar að. Ástand kofans er mjög bágborið og þarfnast nauðsynlega viðhalds og viðgerðar sem fyrst. Haft var samráð við formenn fjallaskilaneftnda Álftaversafrétts og Landbrots- og Miðafrétts vegna fjallakofa almennt.



5) Önnur mál.

Rætt um samgöngumál og ólöglega atvinnustarfsemi. Tilfinning atvinnumálanefndar er sú að ólögleg atvinnustarfsemi fer vaxandi og við því þurfi að bregðast.

Fleira ekki gert, fundargerð lesin yfir og samþykkt. Fundi slitið kl. 22:40.



Þorsteinn M. Kristinsson



Auður Eypórsdóttir



Þuríður Benediktsdóttir



Sveinn Hreiðar Jensson



Gunnar Pétur Sigmarsson